



Borgarráð

Reykjavík, 13. ágúst 2024  
MSS24070015

### Endurnýjun þjónustusamnings við Fjölsmiðjuna

Lagt er til að borgarráð samþykki að endurnýja þjónustusamning Reykjavíkurborgar við Fjölsmiðjuna til fimm ára á grunni núverandi samnings og viðauka við hann sbr. hjálagt erindi frá stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 4. júlí 2024. Kostnaði vegna verkefnisins verður vísað til gerð fjárhagsáætlunar.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 4. júlí 2024

Umsögn velferðarsviðs, dags. 12. ágúst 2024

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 12. ágúst 2024



Reykjavík



Borgarráð Reykjavíkur  
Einar Þorsteinsson  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Kópavogur, 4. júlí 2024.  
Málsnr. 1501007  
PBG/BS

### **Efni: Fjölsmiðjan – endurnýjun þjónustusamnings**

Á 580. fundi stjórnar SSH, hinn 1. júlí 2024, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

#### **1501007 - Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur**

*Fyrirliggjandi er erindi og beiðni Fjölsmiðjunnar um aukin rekstrarframlög aðildarsveitarfélaganna þ.m.t vegna húsaleigu og endurnýjun á þjónustusamningi sem rennur út um áramótin 2024/2025.*

*Þá kemur fram í kynningu sem er meðfylgjandi erindinu rekstrarreikningur ársins 2023 og greiðsluflæði starfseminnar fyrir árið 2024.*

*Ellen J. Calmon, Heiða Kristín Harðardóttir, Sigurbjörg Fjölnisdóttir og Sturlaugur Sturlaugsson kynna.*

#### **Niðurstaða fundar:**

*Stjórn samþykkir að leggja til við aðildarsveitarfélögin að endurnýja þjónustusamning sinn við Fjölsmiðjuna til allt að fimm ára á grunni núverandi samnings og viðauka við hann.*

*Þá verði hlutfall aðildarsveitarfélaganna í húsaleigu Fjölsmiðjunnar áfram 40% en áætlað er að sú hækkun verði á ársgrundvelli frá 1. janúar 2025 um 8,8 millj. kr.*

*Sá fyrirvari er gerður að aðrir sem koma að rekstri Fjölsmiðjunnar geri slíkt hið sama.*

*Stjórn leggur til að ákvörðun um aukin bein rekstrarframlög verði frestað enda mikilvægt að stjórn Fjölsmiðjunnar eigi samtal við fulltrúa ríkisins um frekari aðkomu m.a. vegna nemenda með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn.*

*Þá er óskað eftir frekari gögnum frá stjórn Fjölsmiðjunnar er varðar samsetningu nemendahóps Fjölsmiðjunnar.*

*Skrifstofu SSH er falið að leggja ofangreint fyrir aðildarsveitarfélögin til umræðu og afgreiðslu og skal niðurstaða berast til SSH fyrir þann 26. júlí nk.*

Er samkvæmt framansögðu farið fram á að ofangreint verði tekið til umræðu á vettvangi sveitarfélagsins og að tillaga um endurnýjun þjónustusamnings, ásamt tillögu um óbreytt greiðsluhlutfall sveitarfélaganna vegna húsaleigukostnaðar starfseminnar verði teknar til afgreiðslu. Er þá farið fram á að SSH verði upplýst



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu

um afdrif málsins á vettvangi sveitarfélagsins eigi síðar en **26. júlí nk.** Sé frekari upplýsinga eða kynninga óskað berist beiðnir þess efnis í netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is).

Virðingarfyllt,  
Fyrir hönd SSH

---

Páll Björgvin Guðmundsson  
frankvæmdastjóri

**Meðfylgjandi:**

1. Minnispunktar fyrir bakhjarla Fjölsmiðjunnar 10. júní 2024.
2. Þjónustusamningur SSH og Fjölsmiðjunnar 2020 undirritaður.
3. Viðauki við þjónustusamning SSH og Fjölsmiðjunnar 23.05.2022 undirritaður.
4. SSH kynning 1. júlí 2024.



Mánudagur 10. Júní 2024.

Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu.

Minnisblað til bakhjarla Fjölsmiðjunnar :

Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

VMST.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Það er mikil þörf fyrir úrræði Fjölsmiðjunnar og eftirspurnin mikil. Nú eru um 30 einstaklingar á biðlista. Árið 2023 voru 165 nemar í Fjölsmiðjunni og 44 fóru í nám og eða vinnu í fyrra.

Undanfarin 6 ár höfum við aukið vægi náms og lífsleiknifræðslu samhliða vinnu í Fjölsmiðjunni. Við erum nú viðurkenndur framhaldsfræðsluaðili og nemar hafa því möguleika á námseiningum samhliða vinnu.

Þriggja ára samkomulag við bakhjarla rennur út á þessu ári. Þörf er á að endurnýja samkomulagið til að tryggja framtíð Fjölsmiðjunnar og treysta stuðning við nema hennar.

Núverandi leigusamningur á húsnæði Fjölsmiðjunnar sem var til 15 ára rennur út 31. Jan 2025. Til þess að halda forleiguréttinum til næstu 5 ára þá þurfum við að óska eftir því fyrir lok júlí mánaðar 2024 eða með 6 mánaða fyrirvara.

Miðað við markaðsaðstæður á leigumarkaði í dag þá eru allar líkur á því að leigan hækki um rúmlega 40 % skv. viðræðum við leigusalann. Sem þýðir um 22 m.kr. m.vsk. hækkun á leigunni á ári. Það er nokkuð ljóst að Fjölsmiðjan getur ekki fjármagnað þessa hækkun ein og óstudd.

Það mun kosta tugir milljóna kr. að flytja Fjölsmiðjuna í nýtt húsnæði og ólíklegt að leiguverð gæti orðið lægra en núverandi framhaldsleigu tilboð leigusalans, 2700 kr. án vsk. Hugmyndin er að búa til viðauka við núverandi leigusamning en þar kemur m.a. fram að aðildarfélag SSH ábyrgist 40 % leigunnar. Að öllu óbreyttu stefnir í um 20 m.kr. tap á rekstrinum á næsta ári 2025.

### **Ýmsar áskoranir Fjölsmiðjunnar :**

Takast á við mikla aðsókn / þörf á stuðningi við nema, stækkun úrræðisins.

Yngri einstaklingar að sækja um í auknu mæli, 9. og 10. bekkur.

Hröð aukning einstaklinga af erlendum uppruna er krefjandi með einstaklingsmiðaða nálgun í huga.

Auka gæði þjónustunnar ( færni- / ferilmöppur ) og að hún verði einstaklings- og fjölskyldumiðaðri í samráði við félagsþjónustuna.

Íslenskukennsla fyrir alla.

Aukin fræðsla um aðlögun að íslensku samfélagi fyrir alla. ( jákvæð viðhorfs þjálfun )

Að finna leiðir byggð á rannsóknum sem stuðla að fleiri farsælum ákvörðunum okkar allra.

Að finna leiðir til að sannfæra hagsmunaaðila til að styðja við jákvæða þróun og uppbyggingu Fjölsmiðjunnar til lengri tíma.

Virðingarfyllst,

f. hönd stjórnar Fjölsmiðjunnar

Ellen J. Calmon

Sturlaugur Sturlaugsson forstöðumaður.

**Framkvæmdastjórar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu f.h. sinna sveitarfélaga í samningi þessum nefndir verkkaupar og Fjölsmiðjan kt. 660601-2790 í samningi þessum nefnd verksali gera með sér svohljóðandi**

## **Þjónustusamning**

á grundvelli skipulagsskrár fyrir sjálfseignarstofnunina Fjölsmiðjan og samþykktum stjórnar hennar um fræðslu og verkþjálfun.

### **1. gr. Gildissvið**

- 1.1 Samningur þessi tekur til greiðslu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, vegna þjónustu Fjölsmiðjunnar við einstaklinga sem til hennar eru sendir af viðkomandi sveitarfélögum. Eftirfarandi sveitarfélög eru aðilar að samningi þessum: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Seltjarnarneskaupstaður og Mosfellsbær.

### **2. gr. Þjónusta og markmið**

- 2.1 Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun, sem starfrækir verkþjálfunar- og framleiðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára sem hætt hefur námi og/eða ekki náð fótfestu á vinnumarkaði.
- 2.2 Markmið þessa samnings er að þroska persónuleika nema Fjölsmiðjunnar og búa í haginn fyrir þá til aukins skólanáms eða þátttöku á hinum almenna vinnumarkaði. Þetta er gert með því að vinna með nemum að finna út styrkleika þeirra og áhuga í gegnum verklega þjálfun og fræðslu. Með þessu móti stuðla samningsaðilar að frekara skólanámi nema eða þjálfun þeirra í að reynast góðir starfskraftar á vinnumarkaði.
- 2.3 Samningur við verksala nær til verkþjálfunar nema, náms- og starfsráðgjafar, tilsagnar í námi í grunnfögum og almennri fræðslu. Réttindi og skyldur á vinnumarkaði, tilsögn í vinnuhegðun og vinnumiðlun. Hann tekur einnig til þjónustu sem verksala er heimilt að kaupa af öðrum enda uppfylli þeir ekki minni kröfur en gerðar eru til verksala í samningi þessum um slíka þjónustu.
- 2.4 Starfsfólk verksala skal hafa þekkingu á viðfangsefnum sínum.
- 2.5 Verksali setur sér það markmið í rekstri sínum að veita eins góða þjónustu og kostur er.
- 2.6 Stefnt er að því að Fjölsmiðjan vinnu- og fræðslusetur á höfuðborgarsvæðinu verði orðin viðurkenndur fræðsluaðili árið 2020. Umsókn þess efnis hefur verið sent inn til samþykktar hjá Menntamálastofnun.

### **3. gr. Fyrirkomulag á inntöku og útskrift nema**

- 3.1 Verkkaupum ber að skipa starfsmann frá hverju aðildarsveitarfélagi sem fulltrúa og tengilið síns sveitarfélags við fulltrúa verksala.



EOS



1

- 3.2 Tengiliður sveitarfélags og fulltrúi verksala skulu sameiginlega taka ákvörðun um inntöku nýrra nema.
- 3.3 Tengiliður sveitarfélags og fulltrúi verksala fylgja nemum eftir og taka ákvörðun um hvenær viðkomandi er hæfur til útskriftar.
- 3.4 Ef nemi telst hafa brotið gróflega reglur Fjölsmiðjunnar þá geta stjórnendur hennar tekið ákvörðun um brottrekstur. Upplýsa skal tengilið sveitarfélags og viðkomandi nema um málið um leið og ákvörðun er tekin.

#### 4. gr.


##### Greiðsla verksala á þjálfunarstyrk

- 4.1 Verksali greiðir út þjálfunarstyrk til nema í samræmi við reglur Fjölsmiðjunnar um mætingu og vinnuframlag hverju sinni. Þjálfunarstyrkur nema er ákvarðaður af sveitarfélögum í samræmi við ákveðinn launataxta Eflingar stéttarfélags. Þjálfunarstyrkir nema er hlutfall af launaflokki 115 í kjarasamningi Eflingar við Samband íslenskra sveitarfélaga, þannig að nemar 16-17 ára fá greitt 55% hlutfall og 18 ára og eldri fá sem nemur 75% hlutfalli. Nemar fá fullan þjálfunarstyrk að frádregnum atvinnuleysisbótum sem þeir kunna að fá frá Vinnumálastofnun. Einnig er tekin sameiginleg ákvörðun um jólabónusa og aðra launaliði til að gæta jafnræðis.
- 4.2 Eftir hvern mánuð sendir verksali hverjum verkkaupa reikning með upphæð sem nemur kostnaði á hvern nema sem samningur þessi tekur til.
- 4.3 Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna þjálfunarstyrks til nema aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum verksala.
- 4.4 Greiðsla þjálfunarstyrks verkkaupa miðast við þann fjölda nema sem hvert aðildarsveitarfélag hefur samið um að fái þjálfun hverju sinni og greiðist í hlutfalli við mætingu.
- 4.5 Fjölsmiðjan fær greidd 5% álag á þjálfunarstyrk sbr. ofangreint til að mæta kostnaði við umsjón og ut anumhald.

#### 5. gr.

##### Greiðslur frá verkkaupa

- 5.1 Vegna samnings þessa greiða sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu umsaminn þjónustustyrk sem ætlað er að standa undir þjónustu og kröfum samkvæmt 2. grein samnings þessa.
- 5.2 Þjónustustyrkur ársins 2020 skal vera kr. 11.000.000.- m.v. verðlag 1. janúar 2020 og breytist árlega í samræmi við breytingu á visitölu neysluverðs. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu skipta með sér kostnaði á hverju ári miðað við hlutfallslegan íbúafjölda 1. desember árið á undan. Þjónustustyrkurinn er greiddur í janúar ár hvert.



2

**6. grein**  
**Tengiliðir og stjórnunarleg tengsl**

- 6.1 Til að tryggja skilvirkan framgang samning þessa er fundað með fulltrúum sveitarfélaga a.m.k. tvisvar sinnum á hverju starfsári.
- 6.2 Í samræmi við ákvæði í skipulagsskrá Fjölsmiðjunnar skipar SSH einn fulltrúa í stjórn hennar. Fulltrúi SSH skal vera stjórnarmaður SSH eða framkvæmdstjóri SSH.

**7. gr.**  
**Upplýsingaskylda og eftirlit með framkvæmd samningsins**

- 7.1 Verksali skal ótilkvaddur senda stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, fyrir lok maí ár hvert, endurskoðaðan ársreikning ársins á undan ásamt rekstrarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og framkvæmd samningsins.
- 7.2 Verksali skuldbindur sig til að upplýsa stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu án tafar ef hann telur sig ekki geta staðið við fjárhagslega eða faglega skilmála samnings þessa.
- 7.3 Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur eftirlit með framkvæmd samningsins og áskilur sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónustan samkvæmt honum er veitt og kalla eftir upplýsingum sem verkkaupi telur þörf á hverju sinni.

**8. gr.**  
**Þagnarskylda**

- 8.1. Starfsmönnum verksala ber að gæta þagnarmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara lögum samkvæmt.

**9. gr.**  
**Meðferð ágreiningsmála**

- 9.1 Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum skal honum vísað til þriggja manna sáttanefndar. Tilnefnir verksali einn fulltrúa og verkkaupar einn fulltrúa. Oddamaður skal tilnefndur sameiginlega af báðum aðilum. Skal sáttanefndin skera úr um ágreininginn eins fljótt og kostur er.
- 9.2 Kostnaður við starf sáttanefndar skiptist jafnt milli verkkaupa og verksala.
- 9.3 Vilji annar hvor samningsaðili ekki una niðurstöðu sáttanefndar er honum samt sem áður heimilt að bera ágreininginn undir Héraðsdóm.

GILZ  
AD M  
3  
EOS



**10. gr.**  
**Vanefndir**

- 10.1 Ef verksali vanefnir samningsskyldur sínar getur verkkaupi krafist tafarlausra úrbóta og sett tímafresti. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er verkkaupum heimilt að skerða framlag í réttu hlutfalli við brottfallið eða skerðinguna.
- 10.2 Hafi verksali ekki bætt úr vanefndum innan tímafrests í samræmi við kröfur verkkaupa hafa verkkaupar heimild til að fresta greiðslum þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað skv. þessari grein.
- 10.3 Þrátt fyrir ákvæði greinar 9.2 veita verulegar vanefndir af hálfu samningsaðila þó gagnaðila ætíð rétt til riftunar samningsins, enda hafi áður verið skorað á gagnaðila að bæta úr vanefnd með hæfilegum fyrirvara.

**11. gr.**  
**Gildistími**


- 11.1 Samningur þessi er gerður til 3ja ára og gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2022. Stjórnir aðila þessa samnings geta komið sér saman um framlengingu hans um tvö ár.

**12. gr.**  
**Frumrit og staðfesting samnings**


- 11.1 Af samningi þessum skulu gerð sjö samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins.
- 11.2 Eitt eintak skal vera í vörslu hvers aðildarsveitarfélags sem verkkaupa og eitt eintak í vörslu verksala.



Kópavogi, 8. júní 2020




f.h. Kópavogsbæjar




f.h. Reykjavíkurborgar




f.h. Mósfellsbæjar



f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar




f.h. Seltjarnarneskaupstaðar



f.h. Garðabæjar

**Fjölsmiðjan**

Víkurhvarfi 2  
203 Kópavogi



f.h. Fjölsmiðjunnar



## VIÐAUKI

við þjónustusamning á grundvelli skipulagsskrár fyrir sjálfeignarstofnunina Fjölsmiðjan og samþykktum stjórnar hennar um fræðslu og verkþjálfun dags. 8. júní 2020

Hinn 8. júní 2020 gerðu framkvæmdastjórar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu f.h. sinna sveitarfélaga (verkkaupar) og Fjölsmiðjan kt. 660601-2790 (verksali) með sér framangreindan samning. Í framhaldi af beiðni Fjölsmiðjunnar um frekari fjárframlög sem tekin var fyrir á 538. fundi stjórnar SSH hinn 4. apríl 2022, var ákveðið að gera svohljóðandi viðauka við samninginn:

### 1. gr.

#### Greiðslur frá verkkaupa

Við 5. gr. samningsins bætist svohljóðandi grein, 5.3:

Til viðbótar við árlegan þjónustustyrk samkvæmt gr. 5.2 greiða sveitarfélögin samtals 11.500.000 kr. (ellefumilljónirogfimmhundraðþúsund) árlega á árunum 2022, 2023, 2024. Skal fjárhæðin skiptast milli sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember næstliðins árs. Miðast fjárhæðin við verðlag 1. júní 2022 og tekur árlegum breytingum til samræmis við vísitölu neysluverðs. Þessi viðbótarstyrkur skal greiðast í janúar ár hvert vegna árána 2023 og 2024, en í júní vegna ársins 2022.


### 2. gr.

#### Gildistími samningsins

Við gr. 11.1 bætist svohljóðandi málsgrein, sbr. 2. mgr. 11.1:

Aðilar þessa samnings hafa komið sér saman um framlengingu hans og gildir samningurinn til og með 31. desember 2024.

Kópavogi, 23. maí 2022



f.h. Reykjavíkurborgar




f.h. Kópavogsbæjar



f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar




f.h. Mosfellsbæjar



f.h. Garðabæjar



f.h. Seltjarnarnesbæjar



**Fjölsmiðjan**  
Víkurbær 2  
203 Kópavogi

f.h. Fjölsmiðjunnar

Fjölsmiðjan  
Samvinna, samstaða  
og árangur.....  
Við skiptum öll  
máli.....

Vinnust.menning  
Workplace culture

# Nokkur dæmi um einkenni hópsins. Þverskurður þjóðarinnar...?

- ADHD
- Dyslexía
- Þunglyndi
- Kvíði
- Depurðin
- Einhverfuróf (Asperger, ódæmigerð, dæmigerð)
- Geðraskanir
- Vinaleysi eða fáir vinir
- Oft brotið bakland
- Tungumálaerfiðleikar, íslenska...
- Án fjölskyldu
- Brotin sjálfsmynd
- Skólaforðun
- Trú á eigin getu – oft lítil
- Framtíðarsýn – óskýr
- Stundum saga um neyslu
- Saga um einelti (oft langvarandi)
- Ljúf og einlæg
- Mörg hver mjög listhneigð
- Mjög góð ensku kunnátta
- Tölvu- og tækni, mikill áhugi
- Sértek þekking

# Staða nema

- Bíladeild 14
- Handverksdeild 14
- Tæknideild 20
- Trédeild 9
- Veitingadeild 17
- Fræðsludeild 21 í námi.
- Samtals tengd um 95 einstaklingum
- Af erlendum uppruna 31 af 95 = 33%

# Árangur Fjölsmiðjunnar..?

- Til gamans þá var hringt frá einum leikskóla þar sem við erum meðmælendur með einni stúlku sem sótti um. Hún fékk svo starfið. Stúlkan hafði sjálf frumkvæði að því að sækja um. Komin með sjálfstraust til þess. “ Ég vona að ég þurfi ekki að koma aftur í Fjölsmiðjuna í jákvæðri merkingu en þið hafið verið eiginlega fjölskyldan mín “ sagði neminn við okkur þegar ljóst var að hún fékk tækifærið.
- Eins einstaklingamiðað og hægt er.
- 60- 80 % nema skila sér annað hvort í nám eða vinnu !
- Dagleg samskipti við velferðarsvið sveitarfélaganna, þjónustumiðstöðvarnar uppá frekari uppl. um árangur og samskipti við Fj.



Á þessu ári 2024 eru framlögin svona :

VMST. 80 m.kr. ( 50 % af föstum framlögum ) Óbeint í gegnum Félagsmálaráðuneytið.

SSH áætluð um 46.7 m.kr. ( 29 % ) ( skiptist niður á sveitarfélögin eftir íbúafjölda hvers sveitarfélags skv. nýjustu tölum hverju sinni.)

Mennta.mr. 33 m.kr. ( 21 % )

Samtals um 160 m.kr.

## Rekstrarreikningur 2023

	<i>Skýr.</i>	2023	2022
<b>Rekstrartekjur</b>			
Seld og reiknuð þjónusta .....	6	48.973.414	39.321.824
Framlög vegna rekstrar .....	7	102.577.831	102.579.998
Framlög vegna húsaleigu .....	8	50.984.466	49.711.324
Framlög vegna nema í framhaldsskólum .....	9	480.000	7.800.000
Aðar tekjur .....	10	<u>1.541.750</u>	<u>609.582</u>
		204.557.461	200.022.728
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3, 11	109.727.321	116.075.224
Deildaskiptur kostnaður .....	12	22.378.767	18.978.746
Annar sameiginlegur kostnaður .....	13	68.384.221	55.305.092
Afskriftir .....	4	<u>201.632</u>	<u>235.685</u>
		200.691.941	190.594.747
		<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>9.427.981</b>
		3.865.520	
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		2.195.618	595.353
Fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum .....		(481.958)	(126.984)
Vaxtagjöld og bankakostnaður .....		<u>(613.881)</u>	<u>(296.233)</u>
		1.099.779	172.136
		<b>Hagnaður ársins</b>	<b>9.600.117</b>
		<u>4.965.299</u>	<u>9.600.117</u>

Þriggja ára samkomulag við bakhjarla rennur út á þessu ári 2024. Þörf er á að endurnýja samkomulagið til að tryggja framtíð Fjölsmiðjunnar og treysta stuðning við nema hennar.

Núverandi leigusamningur á húsnæði Fjölsmiðjunnar sem var til 15 ára rennur út 31. Jan 2025. Til þess að halda forleiguréttinum til næstu 5 ára þá þurfum við að óska eftir því fyrir lok júlí mánaðar 2024 eða með 6 mánaða fyrirvara.

Miðað við markaðsaðstæður á leigumarkaði í dag þá eru allar líkur á því að leigan hækki um rúmlega 40 % skv. viðræðum við leigusalann. Sem þýðir um 22 m.kr. m.vsk. hækkun á leigunni á ári. Það er nokkuð ljóst að Fjölsmiðjan getur ekki fjármagnað þessa hækkun ein og óstudd.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjanes.

Öllu framangreindu til staðfestu rita fulltrúar samningsaðila nöfn sín hér undir og skuldbinda sig til að halda ákvæði samningsins í einu og öllu.

Samningurinn er á 6 tölusettum blaðsíðum, alls 14 tölusettar greinar ásamt undirgreinum, og er gerður í 5 eintökum. Heldur hver sínu eintaki og eitt skal ritað á haldgóðan pappír til þinglýsingar.


Leigjandi annast þinglýsingu samningsins og greiðir allan kostnað vegna þess.


Reykjavík, 7. desember 2009

f.h. leigusala

f.h. leigjanda


  
f. pr. TRÉFAG EHF  
Hannes Ingólfsson

  
Gissur Pétursson

  
Vottur að réttfr. undirritun, dags. og fjárræði

070953-2349  
Sveing Þröstur Þorvaldsson  
181174-3669

  
Staðfesting fjármálaráðuneytisins

  
Staðfesting félags- og tryggingamálaráðuneytisins

Þá á að greiða félagið 554 munu leggja  
Frótsmiðjuni til rekstrarstælu sem  
nemur 210% af þeim launabæturum.  
falla til vegna samningi þessu 560 m.  
5. máil fundaragæðar stjórnar 554 30.



Samtök sveitarfélaga  
á höfuðborgarsvæðinu

<b>1) Rekstrarreikningur</b>							
		<b>Ársreikningur 2023</b>	<b>Áætlun 2024</b>	<b>Áætlun 2025</b>	<b>Áætlun 2026</b>	<b>Áætlun 2027</b>	<b>Áætlun 2028</b>
<b>Tekjur og styrkir:</b>							
<b>Seld og reiknuð þjónusta:</b>							
	Bífladeild	6.781.049	6.781.049	6.781.049	6.781.049	6.781.049	6.781.049
	Handverksdeild	4.390.248	4.390.248	4.390.248	4.390.248	4.390.248	4.390.248
	Trésmíðadeild	7.033.474	7.033.474	7.033.474	7.033.474	7.033.474	7.033.474
	Tölvudeild	410.136	410.136	410.136	410.136	410.136	410.136
	Tæknideild	10.495.468	10.495.468	10.495.468	10.495.468	10.495.468	10.495.468
	Veitingadeild	19.487.776	19.487.776	19.487.776	19.487.776	19.487.776	19.487.776
	Sameiginleg deild	375.263	375.263	375.263	375.263	375.263	375.263
	<b>Alls</b>	<b>48.973.414</b>	<b>48.973.414</b>	<b>48.973.414</b>	<b>48.973.414</b>	<b>48.973.414</b>	<b>48.973.414</b>
<b>Framlög / Styrkir:</b>							
	Atvinnuleysistryggingasjóður	47.077.829	47.077.829	47.077.829	47.077.829	47.077.829	47.077.829
	Menntamálaráðuneytið	33.000.000	33.000.000	33.000.000	33.000.000	33.000.000	33.000.000
	Reykjavíkurborg	12.687.024	12.687.024	12.687.024	12.687.024	12.687.024	12.687.024
	Kópavogsbær	3.646.370	3.646.370	3.646.370	3.646.370	3.646.370	3.646.370
	Hafnarfjarðarbær	2.782.884	2.782.884	2.782.884	2.782.884	2.782.884	2.782.884
	Garðabær	1.724.634	1.724.634	1.724.634	1.724.634	1.724.634	1.724.634
	Mosfellsbær	1.217.763	1.217.763	1.217.763	1.217.763	1.217.763	1.217.763
	Seltjarnarnes	441.327	441.327	441.327	441.327	441.327	441.327
	Framlög vegna húsaleigu	50.984.466	50.984.466	50.984.466	50.984.466	50.984.466	50.984.466
	Styrkir annað	480.000	480.000	480.000	480.000	480.000	480.000
	Aðrar tekjur	1.541.750	1.541.750	1.541.750	1.541.750	1.541.750	1.541.750
	<b>Alls</b>	<b>155.584.047</b>	<b>155.584.047</b>	<b>155.584.047</b>	<b>155.584.047</b>	<b>155.584.047</b>	<b>155.584.047</b>
<b>Tekjur og styrkir alls</b>		<b>204.557.461</b>	<b>204.557.461</b>	<b>204.557.461</b>	<b>204.557.461</b>	<b>204.557.461</b>	<b>204.557.461</b>
<b>Gjöld:</b>							
<b>Laun og launatengd gjöld :</b>							
	Laun starfsfólks	97.848.238	101.272.926	104.817.479	108.486.091	112.283.104	116.213.012
	Laun nema	206.838.498	214.077.845	221.570.570	229.325.540	237.351.934	245.659.252
	Endurgr. Laun nema	- 217.180.426	- 224.781.741	- 232.649.102	- 240.791.820	- 249.219.534	- 257.942.218
	Launatengd gjöld	22.221.011	22.998.746	23.803.703	24.636.832	25.499.121	26.391.590
	<b>Alls</b>	<b>109.727.321</b>	<b>113.567.777</b>	<b>117.542.649</b>	<b>121.656.642</b>	<b>125.914.625</b>	<b>130.321.637</b>
<b>Deildarskiptur kostnaður:</b>							
	Bífladeild	600.859	600.859	600.859	600.859	600.859	600.859
	Handverksdeild	193.632	193.632	193.632	193.632	193.632	193.632
	Trésmíðadeild	658.046	658.046	658.046	658.046	658.046	658.046
	Tölvudeild	-	30.000	30.000	30.000	30.000	30.000
	Tæknideild	1.503.231	1.503.231	1.503.231	1.503.231	1.503.231	1.503.231
	Veitingadeild	19.415.001	19.415.001	19.415.001	19.415.001	19.415.001	19.415.001
	<b>Alls</b>	<b>22.370.769</b>	<b>22.400.769</b>	<b>22.400.769</b>	<b>22.400.769</b>	<b>22.400.769</b>	<b>22.400.769</b>
<b>Rekstrargjöld reglulegrar starfsemi:</b>							
	Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	12.526.442	6.526.442	6.526.442	6.526.442	6.526.442	6.526.442
	Leiga og rekstur húsnæðis	44.463.474	46.000.000	67.263.474	67.263.474	67.263.474	67.263.474
	Áhöld og tæki, gjaldfærð	771.709	771.709	771.709	771.709	771.709	771.709
	Annar rekstrarkostnaður	10.695.659	10.695.659	10.695.659	10.695.659	10.695.659	10.695.659
	<b>Alls</b>	<b>68.457.284</b>	<b>63.993.810</b>	<b>85.257.284</b>	<b>85.257.284</b>	<b>85.257.284</b>	<b>85.257.284</b>
<b>Gjöld alls</b>		<b>200.555.374</b>	<b>199.962.356</b>	<b>225.200.702</b>	<b>229.314.695</b>	<b>233.572.678</b>	<b>237.979.690</b>
<b>Afkoma reglulegrar starfsemi fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA)</b>		<b>4.002.087</b>	<b>4.595.105</b>	<b>- 20.643.241</b>	<b>- 24.757.234</b>	<b>- 29.015.217</b>	<b>- 33.422.229</b>
<b>Afskriftir:</b>		201.632	201.632	201.632	201.632	201.632	201.632
	<b>Alls</b>	<b>201.632</b>	<b>201.632</b>	<b>201.632</b>	<b>201.632</b>	<b>201.632</b>	<b>201.632</b>
<b>Afkoma reglulegrar starfsemi fyrir fjármagnsliði og tekjuskatt (EBIT)</b>		<b>3.800.455</b>	<b>4.393.473</b>	<b>- 20.844.873</b>	<b>- 24.958.866</b>	<b>- 29.216.849</b>	<b>- 33.623.861</b>
<b>Fjármagnsliðir:</b>							
	Fjármagnstekjur-fjármagnstekjuskattur	1.713.660	1.713.660	1.713.660	1.713.660	1.713.660	1.713.660
	(Fjármagnskostnaður og bankakostnaður)	- 613.881	- 613.881	- 613.881	- 613.881	- 613.881	- 613.881
	<b>Alls</b>	<b>1.099.779</b>	<b>1.099.779</b>	<b>1.099.779</b>	<b>1.099.779</b>	<b>1.099.779</b>	<b>1.099.779</b>
<b>Afkoma. Hagnaður (tap) ársins</b>		<b>4.900.234</b>	<b>5.493.252</b>	<b>- 19.745.094</b>	<b>- 23.859.087</b>	<b>- 28.117.070</b>	<b>- 32.524.082</b>

Sjóðsstreymi 2024													
Staða bankareikninga	31.12.2023	31.1.2024	29.2.2024	31.3.2024	30.4.2024	31.5.2024	30.6.2024	31.7.2024	31.8.2024	30.9.2024	31.10.2024	30.11.2024	31.12.2024
Vaxtareikningur nr. 372462	4.968.867	28.230.897	38.097.491	51.800.106	26.836.645	21.908.471							
Veltureikningur nr. 7707	1.234.968	2.422.672	3.970.669	4.719.780	6.396.592	8.025.382							
Veltureikningur nr. 8807	980.717	12.849.692	11.254.409	3.962.850	3.962.850	8.528.504							
	<b>7.184.552</b>	<b>43.503.261</b>	<b>53.322.569</b>	<b>60.482.736</b>	<b>41.761.741</b>	<b>40.941.558</b>	-	-	-	-	-	-	-
<b>Hreyfing milli mánaða:</b>		<b>36.318.709</b>	<b>9.819.308</b>	<b>7.160.167</b>	<b>- 18.720.995</b>	<b>820.183</b>							
<b>Staða bankareikn. miðað við áætlun:</b>	<b>7.184.552</b>	<b>43.503.261</b>	<b>53.363.207</b>	<b>60.523.374</b>	<b>41.802.379</b>	<b>40.982.196</b>	<b>38.634.587</b>	<b>39.165.871</b>	<b>36.818.262</b>	<b>50.470.653</b>	<b>53.044.989</b>	<b>50.197.380</b>	<b>47.849.771</b>

Sundurliðun :													
	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
<b>Innkoma:</b>													
Föst framlög	-	24.375.033	20.909.536	6.666.667	11.588.614	6.666.667							
Greiðslur frá sveitarf.	21.720.980	22.418.431	20.501.855	17.283.687	22.762.577	23.638.290							
Styrkir og óregluleg framlög (MME og Virk)	500.000	3.720.000		16.500.000		3.000.000							
Tekjur - útselt	2.885.623	4.358.844	3.827.137	2.932.176	3.452.790	3.578.557							
Aðrar tekjur	1.912.246	715.000	1.141.768		694.012	120.000							
	<b>27.018.849</b>	<b>55.587.308</b>	<b>46.380.296</b>	<b>43.382.530</b>	<b>38.497.993</b>	<b>37.003.514</b>							
<b>Gjöld:</b>													
Laun starfsmanna og launakost.	6.994.593	7.327.586	7.186.042	8.150.871	8.079.472	7.953.494							
Laun nema	34.633.085	767.248	17.652.700	17.312.453	38.078.777	18.440.804							
Staðgreiðsla og eftirágr. Skattar	4.424.939	3.582.131	3.485.859	2.987.989	3.419.965	3.816.858							
Húsnæðiskostnaður	4.443.306	4.475.213	4.515.851	4.517.111	4.582.970	4.612.814							
Reikningar og önnur útgjöld	5.452.673	3.116.421	3.720.536	3.253.939	3.057.804	2.999.727							
Ýmis gjöld		-	-	-	-	-							
	<b>55.948.596</b>	<b>19.268.599</b>	<b>36.560.988</b>	<b>36.222.363</b>	<b>57.218.988</b>	<b>37.823.697</b>							
<b>Samtals hreyfingar</b>	<b>- 28.929.747</b>	<b>36.318.709</b>	<b>9.819.308</b>	<b>7.160.167</b>	<b>- 18.720.995</b>	<b>820.183</b>							

Áætlun 2024 :														
		Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Samtals
<b>Innkoma:</b>														
Föst framlög :	Alls													
Vinnuálastofnun	80.000.003	6.666.667	6.666.667	6.666.667	6.666.667	6.666.667	6.666.667	6.666.667	6.666.667	6.666.667	6.666.667	6.666.667	6.666.667	80.000.003
Föst framlög sveitarfélög	46.717.074	17.708.366	14.242.869		4.921.947			4.921.946			4.921.946			46.717.074
Greiðslur frá sveitarf. Nema	Frá síðasta mánuði	22.418.431	20.501.855	17.283.687	22.762.577	23.638.290	23.638.290	23.638.290	23.638.290	23.638.290	23.638.290	23.638.290	23.638.290	272.072.870
Styrkir og óregluleg framlög (MME og Virk)	Ekki vitað	3.720.000		16.500.000		3.000.000				16.500.000				39.720.000
Tekjur - útselt	Meðaltal 2023	4.358.844	3.827.137	2.932.176	3.452.790	3.578.557	4.149.067	2.000.000	4.149.067	4.149.067	4.149.067	4.149.067	4.149.067	45.043.906
Tekjur - annað (t.d. vsk innb.)		715.000	1.141.768		694.012	120.000	500.000		500.000		500.000	-	500.000	4.670.780
		<b>55.587.308</b>	<b>46.380.296</b>	<b>43.382.530</b>	<b>38.497.993</b>	<b>37.003.514</b>	<b>34.954.024</b>	<b>37.226.903</b>	<b>34.954.024</b>	<b>50.954.024</b>	<b>39.875.970</b>	<b>34.454.024</b>	<b>34.954.024</b>	<b>488.224.633</b>
<b>Gjöld:</b>														
Laun starfsmanna og launakost.	Frá síðasta mánuði	7.327.586	7.186.042	8.150.871	8.079.472	7.953.494	7.953.494	7.953.494	7.953.494	7.953.494	7.953.494	7.953.494	7.953.494	94.371.923
Laun nema	Frá síðasta mánuði	767.248	17.652.700	17.312.453	38.078.777	18.440.804	17.312.453	17.312.453	17.312.453	17.312.453	17.312.453	17.312.453	17.312.453	213.439.153
Staðgreiðsla og eftirágr. Skattar	Frá síðasta mánuði	3.582.131	3.485.859	2.987.989	3.419.965	3.816.858	3.816.858	3.816.858	3.816.858	3.816.858	3.816.858	3.816.858	3.816.858	44.010.808
Húsnæðiskostnaður	Frá síðasta mánuði	4.475.213	4.475.213	4.517.111	4.582.970	4.612.814	4.612.814	4.612.814	4.612.814	4.612.814	4.612.814	4.612.814	4.612.814	54.953.019
Reikningar og önnur útgjöld	Meðaltal 2023	3.116.421	3.720.536	3.253.939	3.057.804	2.999.727	3.606.014	3.000.000	3.606.014	3.606.014	3.606.014	3.606.014	3.606.014	40.784.511
Ýmis gjöld														
		<b>19.268.599</b>	<b>36.520.350</b>	<b>36.222.363</b>	<b>57.218.988</b>	<b>37.823.697</b>	<b>37.301.633</b>	<b>36.695.619</b>	<b>37.301.633</b>	<b>37.301.633</b>	<b>37.301.633</b>	<b>37.301.633</b>	<b>37.301.633</b>	<b>447.559.414</b>
<b>Samtals tekjuafgangur (Tekjur-gjöld)</b>		<b>36.318.709</b>	<b>9.859.946</b>	<b>7.160.167</b>	<b>- 18.720.995</b>	<b>820.183</b>	<b>- 2.347.609</b>	<b>531.284</b>	<b>- 2.347.609</b>	<b>13.652.391</b>	<b>2.574.337</b>	<b>- 2.847.609</b>	<b>- 2.347.609</b>	<b>40.665.219</b>

<b>Staða bankareikninga í lok mánaðar</b>	<b>7.184.552</b>	<b>43.503.261</b>	<b>53.363.207</b>	<b>60.523.374</b>	<b>41.802.379</b>	<b>40.982.196</b>	<b>38.634.587</b>	<b>39.165.871</b>	<b>36.818.262</b>	<b>50.470.653</b>	<b>53.044.989</b>	<b>50.197.380</b>	<b>47.849.771</b>
---	------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------	-------------------

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

### Eignir

	<i>Skýr.</i>	2023	2022
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhöld og tæki .....	4	2.353.254	2.431.606
Innréttingar, áhöld og tæki í eldhúsi .....	4	1.956.112	1.294.821
Bifreið .....	4	187.427	195.385
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>4.496.793</u>	<u>3.921.812</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		562.450	619.454
Viðskiptakröfur .....		28.111.983	20.202.680
Aðrar skammtímaskröfur .....		1.141.768	665.879
Handbært fé .....		<u>7.310.352</u>	<u>24.030.129</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>37.126.553</u>	<u>45.518.142</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>41.623.346</u>	<u>49.439.954</u>

### Eigið fé og skuldir

	<i>Skýr.</i>	2023	2022
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....	5	20.000.000	20.000.000
Óráðstafað eigið fé (óafnað tap) .....	5	<u>7.144.829</u>	<u>2.179.530</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>27.144.829</u>	<u>22.179.530</u>

### Skuldir

#### Skammtímaskuldir

Skuld við Námsstyrkjasjóð Fjölsmiðjunnar .....	14	671.240	671.240
Velferðarsjóður barna, ónýttur styrkur .....		198.297	263.362
Viðskiptaskuldir .....		2.175.878	1.811.284
Aðrar skammtímaskuldir .....	15	<u>11.433.102</u>	<u>24.514.538</u>
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>14.478.517</u>	<u>27.260.424</u>

**Eigið fé og skuldir samtals** 41.623.346 49.439.954

# Hver er árangurinn ?

Bara svo það sé sagt þá er almenn ánægja með störf ykkar í Fjölsmiðjunni 😊 Vildi bara láta ykkur vita og vona að ég sé ekki að íþyngja ykkur með endalausum spurningum.

Áhugavert samstarfsverkefni að fara af stað hjá ykkur.

mbk.Gulla

Með góðri kveðju,



**Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir**  
Verkefnastjóri,  
félagsráðgjafi, NordMaG  
S. s.411 9053


**Velferðarsvið Reykjavíkurborgar /**  
**City of Reykjavik, Department of Welfare**  
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík



**REYKJAVÍK**  
— fyrir okkur öll



# Mat á nemum 2023 og 2024 - Meðaltal



Spurningar	Meðaltal 2024	Meðaltal 2023
Líðan - hvernig líður þér núna? (10 =best)	7,37	6,83
Mæting	7,76	7,00
Vinnuframlag	8,17	7,79
Góð almenn samskipti	6,87	7,29
Tillitssemi	8,06	8,25
Frumkvæði (byrja strax að vinna)	7,95	7,38
Að vera lausnamiðaður	7,83	7,17
Að aðstoða aðra	7,68	6,75
Umgengni (geng vel um umhverfi mitt)	8,40	8,38
Hreinlæti (handþvottur, fatnaður o.s.frv.)	8,86	8,00
Að vera jákvæður	7,33	7,17
Að gefa af mér (sýni öðrum áhuga)	7,49	7,50
Sýna lærdómsvilja (vil læra nýja hluti)	8,30	7,75
Að vera vandvirk/ur	8,14	7,83
Stunda hreyfingu	6,73	5,83
Þjálfun í þakklæti	7,89	7,29
Þjálfun í að fyrirgefa	7,24	7,21
Svefnvenjur	6,49	6,17
Mynda tengsl við fjölskyldu	7,78	7,67
Mynda tengsl við vini	7,48	7,50

# Áherslur í starfinu.

- Stuðla að heilbrigðum og farsælum venjum í daglegu lífi með frekara nám og þátttöku almennt í lífinu í huga.
- Lífið er þjálfun andlega og líkamlega út ævina.
- Almenn fræðsla um leiðir til að auka vellíðan byggð á rannsóknum, sbr. Fimm leiðir að vellíðan (Landlæknir).
- Skapa fyrirtækjamenningu Fjölsmiðjunnar sem endurspeglar það sem nemar okkar munu upplifa m.a. úti á hinum almenna vinnumarkaði.
- Meta framfarir og veita endurgjöf til nema og forráðamanna eftir mögulegum leiðum skv. Regluverkinu.
- Stuðla að jákvæðri hugsun, farsælli hegðun og góðu líkamlegu ástandi sem aftur leiðir til bættrar heilsu.
- Starfsemi Fjölsmiðjunnar í takt við aðstæður í þjóðfélaginu.
- Miða við þarfir VMST og Velferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu en þó í takt við fjárhagsgetu okkar, fjölda starfsmanna, aðstöðu og verkefnastöðu hverju sinni.

# Tækin okkar –

## Aðferðafræði til að ná árangri

- Fimm leiðir að vellíða frá Landlækni og vinna með einstaka þætti t.d. Í hópavinnu.
- Störfin / fyrirtækjamenning / þjálfun / undirbúningur nema fyrir nám og störf á almennum vinnumarkaði.
- Góð og uppbyggjandi samskipti (áhersla á styrkleika).
- Námskeið / almenn fræðsla / sköpun / þekking og reynsla starfsmanna / gaman.
- Möguleiki á námseiningum (1. þrep).
- Hreyfing / lífsleikni / heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir.
- Markviss endurgjöf og hvatning. Framfaraskráningar.
- Höfum í huga HAM (leiðrétt hugsanaskekkjur)
- Núvitund... að vera til staðar í dag.
- Memaxi hugbúnaður fyrir nema og starfsmenn Fjölsmiðjunnar m.a. til að auðvelda utan um hald, eftirfylgni og til að veita endurgjöf.


# Hver vill ekki umgangast fólk með góða nærveru.....

- Einhver sem nennir að hlusta/sýnir áhuga
- Sýnir samkennd/samúð og hlýju
- Er ekki of upptekinn af sjálfum sér
- Dæmir ekki
- Viðkomandi til staðar, skynjar tilfinningastraumana í kringum sig.....
- Það er enginn fullkominn....
- Gefst ekki upp og er jákvæður og uppbyggjandi

# Að umgangast neikvætt og „vont“ fólk er beinlínis...

- Lífshættulegt skv. rannsóknnum.....? Styttir ævina....

# Val um viðhorf, áhrif á líðan.




Hvenær tökum við farsæla ákvörðun...við hvaða aðstæður ? 35.000 ákv./ dag ?

Þegar okkur  
líður vel.....?

Hvað getum  
við gert  
sjálf.....?



# Fimm leiðir að vellíðan



Fimm leiðir  
að vellíðan –  
Five ways to  
wellness

# Grósku hugarfar & Festu hugarfar

Carol Dweck

Ég get lært það sem ég vil með dugnaði.

Ég tek áskorunum fagnandi þær gera mig sterkari.

Þegar ámóti blæs finn ég leið.

Þegar mér mistekst þá læri ég af því.

Ef öðrum gengur vel er það mér hvatning.

Gagnrýni er hægt að læra af.



Annað hvort hef ég gáfur/hæfileika eða ekki.

Ég forðast áskoranir og tek þátt í sem ég er góð/ur í

Þegar ámóti blæs gefst ég auðveldlega upp.

Þegar mér mistekst upplifi ég mig misheppnaða/n

Þegar öðrum gengur vel upplifi ég það sem ógn.

Gagnrýni er erfið og ég tek hana persónulega.

# Í stuttu máli :

- Haustið 2018 voru 37 nemar í Fjölsmiðjunni en í dag rúmlega 100 auk. Þess að vera nú viðurkenndur framhaldsfræðsluaðili. Því miður um 30 á biðlista.
- Óskum eftir 5 ára samning í takt við viðbótar 5 ára leigusamning.
- Ósk um 35 m.kr./ ári í viðbót við núverandi samning frá núverandi hagsmunaaðilum og þeirri upphæð verði skipt jafnt á milli hagsmunaaðilanna þriggja.
- Sem sagt amk. um 12 m.kr. hækkun í viðbót við núverandi samning frá SSH.
- Langflestir skjólstæðingar Fjölsmiðjunnar koma frá SSH.



Reykjavík 12. ágúst 2024  
MSS24070015

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu stjórnarsýslu

### Umsögn um endurnýjun þjónustusamnings við Fjölsmiðjuna

Þann 24. júlí 2024 óskaði skrifstofa borgarstjórnar eftir umsögn velferðarsviðs varðandi endurnýjun á þjónustusamningi við Fjölsmiðjuna á grundvelli bréfs samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 4. júlí 2024.

#### Umsögn:

Fjölsmiðjan hóf starfsemi sína árið 2001 og voru stofnaðilar Rauði kross Íslands, Félagsmálaráðuneytið, Vinnumálastofnun og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun með það að markmiði að starfrækja verkþjálfunar, framleiðslu- og fræðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára. Sömuleiðis eiga 25 ára og eldri aðgang að Fjölsmiðjunni ef þeir hafa sérstaka þörf á því sviði. Í dag eru bakhjarlar Fjölsmiðjunnar samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), Vinnumálastofnun, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið.

Núverandi samningur SSH við Fjölsmiðjuna gildir til 31. desember 2024.

Í samningi kemur fram að verksali (Fjölsmiðjan) greiði út þjálfunarstyrki til nema í samræmi við reglur Fjölsmiðjunnar um mætingu og vinnuframlag hverju sinni. Þjálfunarstyrkur nema er ákvarðaður af sveitarfélögum í samræmi við ákveðinn launataxta Eflingar stéttarfélags. Á árinu 2024 er áætlað að kostnaður Reykjavíkurborgar verði 161.834.410 kr. í formi veittrar fjárhagsaðstoðar til nema sem greiddur er til Fjölsmiðjunnar og hún greiðir út í formi þjálfunarstyrks. Að auki fær Fjölsmiðjan greitt 5% álag á þjálfunarstyrk til að mæta umsýslukostnaði við umsjón og utanumhald sem áætlaður er 8.348.964 kr. árið 2024 fyrir Reykjavíkurborg.

Í samningnum kemur jafnframt fram að verkaupi (sveitarfélögin) greiði þjónustustyrk (11 m.kr. árið 2020) sem breytist árlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skipta með sér kostnaði á hverju ári miðað við hlutfallslegan íbúafjölda 1. desember árið á undan. Á árinu 2024 er áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar 8.090.468 kr.

Þann 23. maí 2022 var gerður viðauki við samninginn sem gildir til 31. desember 2024 um að til viðbótar við árlegan þjónustustyrk greiði sveitarfélögin samtals 11,5 m.kr. árlega á árunum 2022-2024 og skiptist fjárhæðin á milli sveitarfélaga á sama hátt og þjónustustyrkurinn. Á árinu 2024 er áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar 7,2 m.kr.

#### Samtals áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna samnings á árinu 2024:

Þjálfunarstyrkur:	161.834.410 kr.
Umsýslugjald v. þjálfunarstyrkja:	8.348.964 kr.
Þjónustustyrkur:	15.290.468 kr. (viðbótarstyrkur og þj.st.)
Húsaleigustyrkur:	11.137.379 kr.



Í bréfi samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 4. júlí 2024 kemur fram að stjórn SSH samþykkti á fundi sínum þann 1. júlí að leggja til við aðildarsveitarfélögin að endurnýja þjónustusamning sinn við Fjölsmiðjuna til allt að fimm ára á grunni núverandi samnings og viðauka við hann.

Núverandi leigusamningur á húsnæði Fjölsmiðjunnar rennur út þann 31. janúar 2025. Samkvæmt upplýsingum Fjölsmiðjunnar eru allar líkur á því að verði nýr samningur gerður hækkandi húsaleiga um rúmlega 40%, eða um 22 m.kr. með vsk. á ári og byggir það á markaðsaðstæðum á leigumarkaði í dag.

Stjórnin samþykkti að auki að hlutfall aðildarsveitarfélaganna í húsaleigu Fjölsmiðjunnar verði áfram 40% en áætlað er að sú hækkun verði á ársgrundvelli frá 1. janúar 2025 um 8,8 m.kr. Stjórnin setur þann fyrirvara að aðrir sem koma að rekstri Fjölsmiðjunnar geri slíkt hið saman.

Á fundi stjórnar var lagt til að ákvörðun um aukin bein rekstrarframlög verði frestað og mikilvægt talið að stjórn Fjölsmiðjunnar eigi samtal við fulltrúa ríkisins um frekari aðkomu að rekstrinum m.a. vegna nemenda með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn. Nemar með erlent ríkisfang frá Reykjavíkurborg hafa verið frá 35% til 46% þeirra sem nýta sér Fjölsmiðjuna árin 2021-2024.

Á árinu 2024 er áætlaður kostnaður vegna Fjölsmiðjunnar 34.776.811 kr. (að frádregnum kostnaði við greiðslu þjálfunarstyrks). Verði samningur við Fjölsmiðjuna endurnýjaður út frá fyrirliggjandi forsendum má gera ráð fyrir að kostnaður Reykjavíkurborgar á árinu 2025 verði alls 42.592.163 kr. (að frádregnum kostnaði við greiðslu þjálfunarstyrks).

#### **Samtals áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna samnings á árinu 2025:**

Þjálfunarstyrkur:	169.926.131kr.
Umsýslugjald v. þjálfunarstyrkja:	8.496.307kr.
Þjónustustyrkur:	16.238.477kr. (viðbótarstyrkur og þj.st.)
Húsaleigustyrkur:	17.857.379kr. (beiðni um hækkun er hér innifalin)

Það er mat velferðarsviðs að mikilvægt sé að endurnýja samninginn við Fjölsmiðjuna. Fjölsmiðjan er mikilvægt úrræði fyrir þau ungmenni sem ekki hafa náð að fóta sig á almennum vinnumarkaði eða í námi. Á árinu 2023 tóku 100 reykvisk ungmenni þátt í starfi Fjölsmiðjunnar og það sem af er ári 2024 (til júní loka) hafa 82 tekið þátt. Úrræðið er vel nýtt eins og sjá mér hér að neðan:

#### **Fjöldi tilvísana frá Reykjavíkurborg árin 2016 – 2024.**

<b>Kyn</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>	<b>2021</b>	<b>2022</b>	<b>2023</b>	<b>2024</b>
Karl	31	37	34	41	42	48	64	73	60
Kona	21	13	9	15	16	17	17	27	22
<b>Samtals</b>	<b>52</b>	<b>50</b>	<b>43</b>	<b>56</b>	<b>58</b>	<b>65</b>	<b>81</b>	<b>100</b>	<b>82</b>

Samkvæmt upplýsingum frá Fjölsmiðjunni er góður árangur af starfi hennar en 60-80% nema skila sér annað hvort í nám eða vinnu að loknu námi þar. Auk þess sýna kannanir meðal nema að þátttaka í úrræðinu hefur mjög jákvæð áhrif á líðan þeirra og lífsgæði.



## Nánar um samninginn sjálfan:

Velferðarsvið telur mikilvægt að í nýjum samningi verði hugað að eftirfarandi atriðum:

Bæta við svohljóðandi tilvísun í persónuverndarlögin: Vinnsla upplýsinganna fer fram í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglur um öryggi persónuupplýsinga, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.

Fella út eða breyta grein 2.6 en þar segir “Stefnt er að því að Fjölsmiðjan vinnu- og fræðslusetur á höfuðborgarsvæðinu verði orðinn viðurkenndur fræðsluaðili árið 2020. Umsókn þess efnis hefur verið send inn til samþykktar hjá Menntamálastofnun”. Fjölsmiðjan hefur öðlast þessa viðurkenningu í dag og því ekki þörf á ákvæðinu.

Uppfæra grein 4.1 þar sem launaflokkur 115 í kjarasamningi Eflingar við Samband íslenskra sveitarfélaga er ekki lengur til (notast er við launaflokk 117 í dag). Í sömu grein er fjallað um að tekin sé sameiginleg ákvörðun um jólabónusa utan kjarasamninga og aðra launaliði til að gæta jafnræðis en gott væri að festa slíkt. Vinnuregla síðustu ár hefur verið sú að jólabónus miðast við mætingarhlutfall og starfstíma nema (miðað við % mætingu sl. 3 mánuði). Jólabónusinn var 30.000 kr. fyrir árið 2023 fyrir þá nemendur sem höfðu mætt sl. þrjá mánuði (sept., okt. og nóv.) yfir 200 tíma. Þeir sem mættu 50-200 tíma fengu 20.000 kr. og þeir sem höfðu mætt undir 50 tímum fengu 10.000 kr. í jólabónus.

Í 5.gr. yrðu allar greiðslur tíundaðar og útskýrðar, s.s. umsýslugjald vegna umsjónar og utanumhalds á greiðslu þjálfunarstyrks (er í núgildandi samningi í gr. 4.5). Þjónustustyrkur er í gr. 5.2 (viðauki yrði tekin þar inn og felldur inn í þjónustustyrkinn) og húsaleigustyrkur.

f.h. velferðarsviðs

Dís Sigurgeirsdóttir  
skrifstofustjóri skrifstofu stjórnsýslu



**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 12. ágúst 2024

MSS24070015

## UMSÖGN

### Fjölsmiðjan – endurnýjun þjónustusamnings – umsögn FAS

Fyrir liggur erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) er varðar endurnýjun á þjónustusamningi SSH og Fjölsmiðjunnar, Víkurhvarfi 2. Fram kemur að Fjölsmiðjan hefur óskað eftir auknum rekstrarframlögum aðildarsveitarfélaga SSH þ.m.t. vegna húsaleigu og endurnýjun á þjónustusamningi sem rennur út um næstu áramót, þ.e. 2024/2025.

Gildandi þjónustusamningur felur í sér greiðslu á þjálfunarstyrk til nema Fjölsmiðjunnar, í samræmi við þann fjölda nema sem hvert aðildarsveitarfélag hefur samið um að fá þjálfun með 5% álagi til að mæta kostnaði við umsókn og utanumhald. Árið 2023 námu útgjöld Reykjavíkurborgar vegna þessa samtals um 149,5 m.kr. Framlag vegna húsaleigu nam 10,2 m.kr. Þá greiða sveitarfélögin skv. samningi þjónustustyrk sem ætlað er að standa undir þjónustukröfum og markmiðum samnings. Hluttur Reykjavíkurborgar vegna þessa nam 6,2 m.kr. árið 2023. Viðbótarframlag ársins skv. viðaukasamningi nam 6,5 m.kr. Samanlagðar greiðslur ársins 2023 voru skv. því eftirfarandi:

Þjálfunarstyrkur	142,8
Umsýlsugjald	6,6
<b>Samtals</b>	<b>149,5</b> m.kr.
Framlag vegna húsaleigu	10,2
Þjónustustyrkur (framlag vegna rekstrar)	6,2
Viðbótarframlag	6,5
<b>Samtals</b>	<b>22,9</b>
<b>Alls</b>	<b>172,4</b> m.kr.

Húsaleigusamningur Fjölsmiðjunnar við leigusala rennur út í lok janúar á næsta ári og gerir Fjölsmiðjan ráð fyrir því í erindi sínu að húsaleigan hækki um 40% m.v. nógildandi samning. Óskar Fjölsmiðjan eftir viðbótarfjármagni til að standa straum af þeim kostnaði, eða sem nemur alls 22 m.kr. m.vsk. Fram kemur að hugmyndin sé að gera viðauka við núverandi leigusamning þar sem aðildarsveitarfélög SSH ábyrgist 40% leigunnar eða sem nemur 8,8 m.kr. Hluttur Reykjavíkurborgar yrði tæplega 4,0 m.kr. Að auki óskar Fjölsmiðjan eftir því að þjónustustyrkur við bakhjarla hækki um 35 m.kr. á ári eða um 12 m.kr. viðbót við nógildandi samning við SSH. Hluttur Reykjavíkurborgar í því næmi skv.



Reykjavík



áætlaðri skiptingu 5,4 m.kr. Samantekið myndi viðbótarframlag Reykjavíkurborgar nema um 9,4 m.kr. á ársgrundvelli m.v. beiðni Fjölsmiðjunnar.

Stjórn SSH leggur til við aðildarsveitarfélögin að endurnýja þjónustusamning sinn við Fjölsmiðjuna til allt að fimm ára á grundvelli núverandi samnings dags. 8. júní 2020 og viðauka við hann dags. 23. maí 2022. Þá verði hlutfall aðildarsveitarfélaga SSH áfram 40% í húsaleigu sem hækki skv. áætlun Fjölsmiðjunnar um 8,8 m.kr. á ársgrundvelli. Gerður er fyrirvari um samþykkt annarra aðila sem koma að rekstri Fjölsmiðjunnar. Lagt er til að ákvörðun um aukin bein rekstrarframlög verði frestað. Tillaga stjórnarinnar felur í sér áætlaðan kostnaðarauka fyrir Reykjavíkurborg á árinu 2025 um 4,0 m.kr.

Kostnaðarauki rúmast ekki innan úthlutaðra fjárheimilda ársins 2025 og kallar á endurskoðun á forgangsröðun.

Virðingarfyllst,  
Halldóra Káradóttir  
*sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*